

REGLUR

um endurgreiðslu sjúkratrygginga á tannlækningakostnaði vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, sjúkdóma og slysa.

1. gr.

1. Reglur þessar varða endurgreiðslu sjúkratrygginga Tryggingastofnunar ríkisins á meðferðarkostnaði vegna tannaðgerða vegna slysa og tannaðgerða vegna alvarlegra einkenna staðbundinna og kerfisbundinna sjúkdóma, meinsemda og meðfædds vanskapnaðar í mjúkum og hörðum vefjum tyggingarfæra.
2. Endurgreiðsla á meðferðarkostnaði ákvarðast af vanhæfni tyggingarfæra sjúklingsins, útlitslýtum og batahorfum. Hundraðshluti endurgreiðslu er 75% af gildandi gjaldskrá Tryggingastofnunar ríkisins á hverjum tíma fyrir börn og unglinga, sem hafið hafa meðferð fyrir 17 ára aldur en 50% af sömu gjaldskrá fyrir aðra aldurshópa. Tryggingaráði er heimilt að hækka greiðsluhlutfallið fyrir þá einstaklinga, sem njóta tekjutrygginga almannatrygginga í allt að 100% svo og fyrir þá einstaklinga sem vegna efnaleysis bera ekki þennan kostnað að mati tryggingaráðs. Umsækjandi sækir um endurgreiðslu á eyðublaði sem Tryggingastofnun ríkisins leggur til.
3. Réttur hins tryggða til endurgreiðslu vegna meðfæddra staðbundinna tanngalla fellur niður, hafi ekki verið sótt um endurgreiðslur fyrir 31 árs aldur hans.
4. Komi fram rökstudd ábending frá tannlækni um endurnýjun á meiriháttar tannaðgerð, sem stofnað var til vegna sjúkdóms eða afleiðinga meðferðar við sjúkdómi, meðfædds vanskapnaðar eða slysaáverka, er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að taka þátt í kostnaði við endurnýjun aðgerðarinnar sbr. tl. 2.
5. Aðgerðir sem beitt er við tannlækningar, skulu færðar á reikning skv. gildandi gjaldskrá Tryggingastofnunar ríkisins á hverjum tíma og tilheyrandi taxtaskýringum. Aðgerðar- og smíðaefni tannlækna skal vera viðurkennt af NIOM (Nordisk Institutt for Odontologisk Materialprövning) og samþykkt af samstarfsnefnd Tryggingastofnunar ríkisins og Tannlæknafélags Íslands þegar það á við. Til endurgreiðslu tannplanta getur einungis komið skv. ákvæðum 5. gr.

2. gr.

Sjúkratryggingar endurgreiða sbr. 2. tl. 1. gr. kostnað við tannlækningar í eftirtöldum tilvikum, enda sé um að ræða alvarlegar afleiðingar meðfæddra galla og sjúkdóma:

1. Aðgerðir fortannlækninga/almennar og sérhæfðar aðgerðir, sem skoðast hluti af heildarlæknismeðferð við alvarlegum og/eða illkynjuðum sjúkdómum.
2. Aðgerð við meðfæddu og/eða áunnu misræmi kúpu og kjálka og rangstöðu tanna, sem leiðir til grófrar tannskekku og/eða sjúklegra breytinga í kjálkabeinum/kjálkaliðum/tyggingarvöðum.
3. Aðgerðir við meðfæddri tannvöntun og oftenni; staðbundnu eða kerfisbundnu.
4. Aðgerðir við vansköpuðum tönnum og rangstæðum tönnum.
5. Aðgerðir við staðbundnum eða dreifðum glerungs- og/eða tannbeinsgöllum og mislitun tanna.
6. Aðgerð við eyðingu tannkróna af völdum sýru frá súrum maga og/eða aukins sýrustigs munnvatns.

3. gr.

Sjúkratryggingar endurgreiða allt að 50% af kostnaði við tannlækningar vegna smíða brenndra og steyptra tanngerva hjá börnum og unglingum 16 ára og yngri vegna annarra tilefna en tilgreind eru í 1. tl. 1. gr. Í tilvikum, þegar fresta þarf aðgerð vegna vanþroska tanna, ber að sækja um frestun fyrir 17 ára aldur.

4. gr.

Sjúkratryggingar endurgreiða sbr. 2. tl. 1. gr. tannlækningakostnað við meðferð alvarlegra áverka af völdum slysa á tönnum/tannvegi/kjálkum/mjúkvefjum munns og/eða andlitsbeinum svo sem hér greinir:

1. Með slysi er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur áverka á tönnum/tannvegi/kjálkum/mjúkvefjum munns og/eða andlitsbeinum. Áverki, sem orsakast af völdum sjúkdóms (t.d. flogaveiki), telst einnig vera vegna slyss.
2. Tekinn er þáttur í kostnaði við meðferð alvarlegra áverka af völdum slysa að því leyti sem 27. gr. og 37. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 með síðari breytingum taka ekki til og/eða að því leyti sem skaðabætur þriðja aðila fást ekki greiddar:
 - 2.1. á börnum og unglíngum 16 ára og yngri í leik, námi og starfi;
 - 2.2. á öðrum sjúkratryggðum, enda hafi slysið ekki orðið vegna ásetnings eða stórkostlegs gáleysis hans.

5. gr.

Sjúkratryggingum er heimilt að endurgreiða tannlækningakostnað við tannplanta-aðgerðir vegna tilvika sem falla undir 2. - 4. gr., sbr. 1. gr., svo sem hér greinir:

1. Kosid er að beita tannplöntum í stað hefðbundinna aðgerða og er þá endurgreiðslufjárhæð í báðum þessum tilvikum hin sama.
2. Gert er að stærrí eða meiriháttar vanskapnaði og sambærilegum áunnum lýtum og slysaáverkum, þegar sýnt þykir, að viðunandi mælanlegur árangur náist þá aðeins, að tannplantar séu notaðir, enda séu aðrir möguleikar hefðbundinna aðgerða áður kannaðir.

6. gr.

Reglur þessar eru settar að fengnum tillögum tryggingaráðs skv. c-lið 1. mgr. 33. gr. og 3. tl. 2. mgr. 37. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. janúar 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Páll Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Ytri-Torfustaðahrepps.

I. KAFLI.

1. gr.

Hitaveita Ytri-Torfustaðahrepps selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim sem gerð hafa verið eða verða gerð á Laugarbakka eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari, sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Ytri-Torfustaðahrepps staðfesta af iðnaðarráðuneyti 29. september 1986.

2. gr.

Hitaveita Ytri-Torfustaðahrepps lætur hverju húsi sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.